

Nd.

117. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Á eftir orðunum í 8. gr. 2. málsgr., b-lið, „lóðarafnot, ef þau gefa arð“, komi: eða hann á fasteign eða mannvirki, er gefa arð.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa hlotið konungsstaðfestingu.

Greinargerð.

Með nýuppkveðnum dómi hæstaréttar er talið óheimilt að leggja útsvar á fasteign, er utanbæjar- eða utanhreppsmaður á í kaupstað eða hreppi, og tekjur þar af. Hinsvegar er samkvæmt gildandi lögum rétt að leggja útsvar á lóðarafnot slíkra manna o. fl. Hér er ósamræmi. Utanbæjarmaður, sem leigir t. d. lóð í Reykjavík, skal hér greiða útsvar, en utanbæjarmaður, sem hér á miklar húseignir, er hann hefir ef til vill mörg þúsund króna ársleigu af, er eigi útsvarskyldur hér af þeirri eign eða þeim tekjum.